

Ed.

504. Nefndarálit

um frv. til laga um kosningar til Alþingis.

Nefndin hefir íhugað frv. þetta, en engan veginn eins vel og hún hefði viljað, þar sem tíminn er orðinn svo naumur. En þar sem hún álitur nauðsyn, að það nái fram að ganga, og hefir ekki fundið þá galla á því, að ógerlegt sé að samþykkja það, ræður hún háttv. deild til að samþykkja það með eftirfarandi breytingum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 7. gr. Aftan við greinina bætist orðin:
Kjörstjórnir velja sjer sjálfar oddvita og skifta að öðru leyti með sjer verkum.
2. Við 9. gr. Á eftir orðunum: »júni næst á eftir«, komi:
að háðum dögum meðtöldum.
3. Við 14. gr. Fyrir: »12. gr.« komi:
11. gr.
4. Við 18. gr. Á eftir orðunum: »en einu kjördæmi«, komi orðin:
við sömu kosningar.
5. Við 20. gr. Fyrir orðin: »En hafi eigi þingmannsefnið kosið«, komi orðin:
En hafi eigi fleiri boðið sig fram til kosningar í kjördæminu en kjósa skal, þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin þingmannsefnið kosið eða þingmannaefnin kosin.

6. Við 21. gr. Fyrir orðið: »hreppskjörstjórn« komi orðið:
undirkjörstjórn.
og fyrir: »10⁰/«, komi:
10⁰/o.
7. Við 22. gr. Fyrir orðið »hreppskjörstjórn«, í síðari málsgrein, komi orðið:
undirkjörstjórn.
8. Við 26. gr. a, Fyrir orðið:
»hreppsnefnd«, í fyrstu línu, komi orðin:
hreppstjóri en í kaupstað bæjarfógeti.
b, Á eftir orðunum:
»útvegað í fyrstu«, í annari línu sömu málsg., komi orðin:
á kostnað landssjóðs.
- c, Síðari málsgrein orðist svo:
Ef síðar þarf að endurnýja kassa eða poka, kostar sveitar-
eða bæjarsjóður þá endurnýjun.
9. Við 32. gr. Á eftir orðinu:
»sýslumanns«, komi orðin:
eða bæjarfógeta,
á tveim stöðum í greininni.
10. Við 33. gr. Í stað orðanna:
»það nafn« í þriðju línu greinarinnar, komi orðin:
nafn þess eða nöfn þeirra, ef fleiri en einn á að kjósa.
11. Við 39. gr. Í stað orðsins: »hans«, komi orðið:
þess
Og í stað orðsins: »hann«, komi orðið:
það
í síðari málsgrein greinarinnar.
12. Við 40. gr. Í stað orðanna: »er hnýtt saman«, komi orðin:
eru hnútar á.
13. Við 47. gr. a) Fyrir orðin: »er hann . . . viðstaddur«, í fyrri málsg., komi
orðin:
er það bauð sig fram í, sje það eigi sjálft viðstatt.
b) Fyrir orðið »hans«, í síðari málsg., komi orðið:
þess.
14. Við 67. gr. Fyrir orðið: »lögsagnarumdæmisins«, síðast í greininni komi
orðin:
kjördæmis þess, sem sýslumaður eða bæjarfógeti er búsettur í.

15. Við 68. gr. Á eftir orðinu: »sýslumanns« á tveim stöðum í greininni, komi orðin:
eða bæjarfógeta.

Alþingi 12. ágúst 1914.

Karl Einarsson,
formaður.

Karl Finnbogason,
skrifari og framsögumaður.

Magnús Pjetursson.